

- a) fyrir mæla eða hemla allt að  $\frac{3}{4}$ " ..... kr. 1 800.00  
 b) fyrir mæla eða hemla 1"—2" ..... — 3 600.00  
 c) fyrir mæla eða hemla 3" og stærri ..... — 7 200.00

7. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Allt að 400 m <sup>3</sup> kr.	582 035.00				
400— 2 000 — —	582 035.00	+	466.00	kr. pr. m <sup>3</sup> þar yfir	
2 000— 6 000 — —	1 327 635.00	+	397.00	— — — — —	
6 000—10 000 — —	2 915 635.00	+	349.00	— — — — —	
Meira en 10 000 — —	4 311 635.00	+	303.00	— — — — —	

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 70 050.00 aukagjald fyrir hvern hemil umfram þann fyrsta.

11. gr. gjaldskrárinnar síðasta málsgrein orðist þannig:

Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 3 550.00 hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1980 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1980.*

F. h. r.

Páll Flygenring.

*Kristmundur Halldórsson.*

## AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Fjarhitun Vestmannaeyja nr. 185 26. apríl 1979, með síðari breytingum.

### II. KAFLI

3. gr. 1. málsgrein orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 380.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.

4. gr. 2. málsgrein orðist þannig:

Skal notkunargjaldið þá vera 9.50 kr./M CAL miðað við hitafall 40°C.

6. gr. orðist þannig:

Fjarhitun leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra.

Fastagjald fyrir mæli skal greitt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera á mánuði:

A. fyrir mæla allt að $\frac{3}{4}$ " .....	kr. 2 500.00
B. fyrir mæla allt að 2" .....	— 5 000.00
C. fyrir mæla allt að 3" .....	— 10 000.00
D. fyrir varmamagnsmæla skal greiða tvöfalt gjald.	

## III. KAFLI

8. gr. orðist þannig:

Fyrir öll hús, sem tengd eru fjarhituninni, skal greiða heimæðagjald. Heimæðagjald skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss: (utanmál) m <sup>3</sup>	Heimæðargjald						
Allt að 400	545 000.00 kr.						
400— 2 000	545 000.00	—	fyrir	400 m <sup>3</sup>	+	435.00 kr./m <sup>3</sup>	þar yfir
2 000— 6 000	1 241 000.00	—	—	2 000	—	+ 371.00	— — —
6 000—10 000	2 725 000.00	—	—	6 000	—	+ 327.00	— — —
Meira en 10 000	4 033 000.00	—	—	10 000	—	+ 283.00	— — —

Heimæðagjöld greiðast ekki af bifreiðageymslum.

9. gr. orðist þannig:

Ef tengt er við fleiri mæla en einn í sama húsi, skal greiða aukalega fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

A. fyrir mæli allt að ¾" .....	kr. 80 000.00
B. fyrir mæli allt að 1½" .....	— 160 000.00
C. fyrir mæli allt að 3" .....	— 320 000.00

10. gr. orðist þannig:

Gjöld samkvæmt gjaldskrá eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. jan. 1980, 398 stig.

Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1980 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1980.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Kristmundur Halldórsson.*

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Mosfellshrepps nr. 108 10. febrúar 1977, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjald fyrir afnot heita vatnsins er sem hér segir:

- A) Fastagjald kr. 960.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.  
B) Vatnsgjald kr. 2 450.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils, sem skiptist þannig:

Flutningagjald .....	kr. 885.00
Heitt vatn .....	— 1 565.00

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð.